

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 37

Dags. 25.10.2012

---

## Skipulags- og umhverfisnefnd - 25.10.2012

---

### 37. fundur.

25. október 2012 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

---

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Þórunn Jónsdóttir

Hörður Þór Benónýsson

Guðrún Tryggvadóttir

---

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

(fundarritari)

### 1. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar. Breyting á reiðleiðum í Fnjóskadal.

#### S20120801

Tekið fyrir að nýju erindi dags 22. ágúst 2012 frá Kristjáni Snæbjörnssyni fyrir hönd reiðveganeftndar og stjórnar hestamannafélagsins þar sem bent er á að legja reiðleiðar um Fnjóskadal skv. gildandi Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar sé óásættanleg. Skipulagsfulltrúi leggur fram nýjan uppdrátt þar sem búið er að leiðrétta legu reiðleiða eins og óskað er eftir í erindinu en auk þess er unnið að frekari breytingum. Stefnt að því að leggja fram endanlega tillögu á næsta fundi.

*Lagt fram til kynningar*

### 2. Árteigur, Köldukinn. Umsókn um flutning á flugskýli.

#### S20120902

Tekið fyrir að nýju erindi dags 18. september 2012 frá Eðði Jónssyni, Árteigi, kt. 280957-5269, þar sem hann sækir um að flytja núverandi flugskýli á landi Árteigs á nýstofnaða lóð fyrir flugskýlið í landi Árteigs. Meðfylgjandi er ódagsettur uppdráttur af flugskýlinu frá verkfræðistofunni Möndli og hnitsett lóðar- og afstöðumynd frá Búgarði (GHG) dags 14. september 2012.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði grenndarkynnt fyrir nágrönnum skv. 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010*

### 3. Lyngholt, Bárðardal. Umsókn um stofnun lóðar um Arndísarstaðagrafreit.

#### S20121001

Erindi dags 31. desember 2011 frá Friðriku Marteinsdóttur kt 191267-4789, og fleirum, þar sem sótt er um að stofnuð verði sérstök lóð um Arndísarstaðagrafreit í landi Lyngholts í Bárðardal. Meðfylgjandi er samþykki landeiganda Steins Jóhanns Jónssonar dags 4. september 2012 og hnitsettur lóðaruppdráttur frá Sigurgeiri Skúlasyni, landfræðingi, dags 11. mars 2011.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina.*

### 4. Halldórsstaðir 1, Bárðardal. Umsókn um stofnun lóðar.

**S20121002**

Erindi dags 14. októberber 2012 frá Tryggva Valdemarssyni, kt. 250842-3849, Svanhildi Sigtryggsdóttur kt. 120658-3659 og Ásmundi Valdemarssyni, kt. 230532-2739, landeigendum Halldórsstaða 1, þar sem sótt er um að stofnuð verði sérstök lóð kringum gamalt hesthús við Halldórsstaði 1 í Bárðardal. Meðfylgjandi er hnitsettur lóðaruppdráttur frá Búgarði (GHG) dags 24. september 2012.

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina.*

Fundi slitið